

„... við verðum líka að spara prestana!“

Um trúarhugmyndir Halldórs Laxness og tæknihyggju á þriðja áratugnum

Á þriðja áratug liðinnar aldar var Halldór Laxness áberandi forvígismaður nútíma- og þéttbýlisvæðingar.¹ Hann hélt „drenjakolli“ kvenna á lofti sem athyglisverðu og jákvæðu „einkenn[í] aldarfarsins“ og leitaðist við að kynna nýstefnur í bókmenntum fyrir þjóð sem var fastheldin á menningarhefðir sínar.² Engu að síður lýkur *Vefaranum mikla frá Kasmír* (1927), þriðju skáldsögu Halldórs, á því að söguhetjan, Steinn Elliði, hverfur bak við klausturveggi en tveimur árum fyrir útkomu skáldsögunnar birti Halldór varnarrit fyrir kaþólska trú, *Kaþólsk viðhorf* (1925), þar sem ýmsar grundvallarforsendur nútímavæðingar eru gagnrýndar harðlega, enda þótt um sé að ræða gildi sem hann hampaði á svipuðum tíma í öðrum skrifum sínum.³ Togstreitan sem stefndi hefð gegn nývæðingu, trúarlegri heimsmynd gegn vísindalegri þekkingarleit og Halldór lýsti sjálfur sem vali milli þekkingar sem er „reist á bjargi“ og þekkingar sem „steyp[ir] stömpum“ í hvert sinn sem ný uppgötvun er gerð, setti þannig mark sitt á líf og störf skáldsins umfram flest annað á þriðja áratugnum og er jafnframt grunnefniviður tilvistarkreppu Steins Elliða.⁴ Í *Vefaranum mikla frá Kasmír* sigrar andinn efnid — andleg gildi eru tekin fram yfir líkamlega nánd, samskipti og „nautnir“ en einnig þau félagslegu bönd sem mynda hornstein samfélagsins, enda þótt módernískt form bókarinnar gefi til kynna að niðurstaða verksins sé hugsanlega margræðari en virðist við fyrstu sýn.⁵ Í ritgerðasafninu sem fylgdi í kjölfarið, *Alþýðubókinni* (1929), er þessu öfugt farið. Þar er andinn bundinn efninu og Halldór vegsamar tilvistarkosti þess eina lífs sem manninum er áskapað. Samhliða því harmar hann og mótmælir óréttlátri þjóðfélagsskipan sem grundvallar velmegun fárra á eynd fjöldans.

Í greininni „Hugmyndafræði *Alþýðubókarinnar*“ dregur Árni Sigurjónsson saman „grundvallarskoðanir“ þær er bókin flytur, og nefnir þar fyrst það viðhorf að

¹ Ég vil þakka Bjarna Randverri Sigurvinssyni, Guðrúnu Elsu Bragadóttur og ritrýnum fyrir gagnrýninn og gagnlegan yfirllestur á greininni.

² Halldór Laxness, „Drenjakollurinn og íslenska konan“, *Morgunblaðið* 9. ágúst 1925, bls. 5; Halldór Laxness, „Tíska og menning. Um ljóð“, *Morgunblaðið* 21. maí 1925, bls. 6.

³ Má þar nefna stutta grein um aettarnöfn sem birtist sama ár og varnarritið en þar segir Halldór um hefðir og lífsgildi fortíðar: „[g]ömlu siðirnir kunn[a] að hafa verið ágætir [en] hinir nýu eru ekki lakari fyrir því“, og gefur til kynna menningarlega afstöðu sem er býsna ólík hefðarfylgni *Kaþólskra viðhorfa*. Halldór Laxness, „Ættarnöfn“, *Vörður* 2. apríl 1925, bls. 3.

⁴ Halldór Laxness, *Kaþólsk viðhorf*, Reykjavík: Bókaverslun Ársæls Árnasonar, 1925, bls. 35.

⁵ Umræðan um þriðju skáldsögu Halldórs hefur nokkuð hverfst um persónuleika Steins Elliða. Ástráður Eysteinnsson ræðir þessa túlkunarhefð en endurskoðar um leið merkingarvirgni Diljár á máta sem gefur að nokkru leyti undan þeim skýru andstæðum sem ummælendur hafa viljað sjá í vakkostum Steins í lok bókarinnar, sjá „Fyrsta nútímaskáldsagan og módernisminn“, *Umbrot*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, bls. 56–91, hér 72–78.

„[t]rúarbrögðin [birtist sem] ópíum alþýðunnar er dragi athyglina frá raunverulegum jarðneskum vandamálum“.⁶ Nokkru síðar hnykkir Árni á þessu grundvallarviðhorfi ritgerðasafnsins þegar hann ræðir „tæknidýrkun“ Halldórs og hvernig henni sé stefnt gegn „allri dulúðarþvælu“.⁷ Hafi Árni rétt fyrir sér lýkur því þriðja áratugnum með Halldóri sem málsvara pósitífiskrar raunhyggju og vísindahyggjumanni. Ætla má þá að undanfarinn feli í sér býsna róttækar viðhorfsbreytingar því að, eins og frægt varð á Íslandi á þessum tíma, var líf Halldórs á fyrri hluta sama áratugar helgað trúarbrögðum og þá einkum og sér í lagi kaþólskri trú, raunar er Halldór þekktasti klausturfari þjóðarinnar á þessu skeiði.⁸ Í lok árs 1922 gengur hann í St. Maurice klaustrið við Clervaux í Lúxemborg og dvelur þar eitt ár. Meðal þess sem hann hefur fyrir stafni er að vinna við skriftir á „kaþólsk[ri] skáldsögu“, en þannig lýsir Halldór Guðmundsson, ævisöguritari Laxness, *Undir Helgahnúk* er út kom árið 1924.⁹ Þótt ýmsar ástæður hafi legið fyrir klausturdvölinni leikur enginn vafi í huga Halldórs Guðmundssonar á því að „að Halldóri var alvara, hann var að hugsa um að fara í prestaskóla í Róm og gerast jesúítískur pater“.¹⁰ Halldór snýr aftur til Íslands en ekki líður á löngu áður en hann er kominn á bólakaf í umfangsmikla og opinbera deilu við kollega sinn, Þórberg Þórðarson, um gildi kristinnar trúar og kaþólskunnar sérstaklega; skæðadrífa sú nær ákveðnum hápunkti með útgáfu Halldórs á áður nefndum *Kaþólskum viðhorfum* í ársbyrjun 1925.¹¹

Grein sem Halldór birti í tímaritinu *Verði* í desember 1924 er afar áhugaverð í þessu samhengi, en hún nefnist „Þjóðkirkja og víðboð“. Greinin birtist rösku ári eftir að Halldór staðfesti kaþólska skírni sína með því að gerast benediktínskur oblatulus sæcularis, en skírniin fól í sér „skuldbindingu til kristilegs líferniss í anda heilags Benedikts“.¹² Í henni má greina vísi að málflutningi Halldórs nokkru síðar í

⁶ Árni Sigurjónsson, „Hugmyndafræði *Alþýðubókarinnar*“, *Tímarit Máls og menningar*, 1/1982, bls. 38–63, hér 39.

⁷ Sama rit, bls. 40 og 41.

⁸ Mikilvægt er þó að hafa í huga að mótsagnakenndar hugmyndir og tilfinningar rúmast auðvitað innra með einstaklingum og varhugavert er að útiloka að hugmyndir geti verið víkjandi um tíma og aðrar orðið ríkjandi, án þess að þær fyrrnefndu hverfi af sjónarsviðinu eða séu kveðnar í kúttum með afdráttarlausum hætti. Tæknihyggja og veraldlegar umbótahugsjónir voru til að mynda áberandi í málflutningi Halldórs á árunum fyrir útkomu *Alþýðubókarinnar*, en hvernig sem „trúarskeiðið“ er metið og mælt í dagsetningum liggur fyrir að það tekur að hluta til sama tímabils og Halldór var „opíngáttarmaður“, það var sami einstaklingur sem var málsvari kaþólskunnar og hafði tækni, rökvisi og upplýsingu sem leiðarstjórnur í framfarasinnaðri þjóðfélagsumræðu sinni. Með sama móti er erfitt að aðskilja svokallaðan „taóisma“ Halldórs á seinni árum og úrvinnslu á „tveggja heima“ þemanu frá trúarhugmyndum æskularanna. Þannig hefur Sigurður Hróarsson til að mynda haldið á lofti öðrum skilningi en Árni á „rofinu“ sem *Alþýðubókinn* á að marka á trúarviðhorfum Halldórs, en að mati Sigurðar liggur endurbætandi kristinn boðskapur og hughyggja því riti til grundvallar. Sjá „*Eina jörð veit ég eystra*“: Halldór Laxness og *Sovétríkin*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1986, bls. 17 og 52–62. Fyrir umræðu um „tveggja heima“ kenninguna og Halldór Laxness, sjá Jón Viðar Jónsson, „Var Halldór Laxness gott leikritaskáld?“ Laxness og leiklistin“, hönnun sýningarskrár Björn G. Björnsson, Jón Þórisson og Ólafur J. Engilbertsson, samning sýningartexta Jón Viðar Jónsson, Samtök um leikminjasafn: Reykjavík, 2002. Til að sjá meira um umræðu um Laxness og „taóíð“, sjá Ólafur Jónsson, „Taó“, *Alþýðublaðið*, *Jólablað*, 1966, bls. 8, 9, 14. Til að sjá meira um umræðu um Halldór sem „opíngáttarmann“, sjá Halldór Guðmundsson, „Sjálftætt fólk: Átök alþjóðahyggju og þjóðernishyggju á millistríðsárunum í íslensku bókmenntalífi“, *Íslenska sögubúningið* 28.–31. maí 1997, ritstj. Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson, Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands, 1998.

⁹ Halldór Guðmundsson, *Halldór Laxness: Ævisaga*, Reykjavík: JPV, 2004, bls. 135.

¹⁰ Sama rit, bls. 134.

¹¹ Samkvæmt Halldóri Guðmundssyni voru *Kaþólsk viðhorf* skrifuð að beiðni Meulenbergs, „hins postullega hirðis kaþólska safnaðarins í Reykjavík eins og það hét, og með stimpli hans eða imprimatur.“ Sama rit, bls. 166.

¹² Sama rit, bls. 144.

Kapólskum viðhorfum en ekki er síður forvitnilegt hvernig hún sviðsetur trúarlega sannfæringu Halldórs á þessum tíma (sannfæringu sem hverfist mjög um afstöðu til lúthersks siðar) og hvernig þessi sama trúarlega sannfæring á samleið með hugsjónum „opíngáttarmannsins“ sem boðaði kosti hins tæknivædda nútíma sem enn hafði ekki að fullu gengið í garð á Íslandi. Í því sem hér fer á eftir verður greinin um Þjóðkirkju og víðboð skoðuð í ljósi samlífs og togstreitu hugmynda um varanleg gildi og æðri sannleik annars vegar og meðvitundar um gildi og mikilvægi hinnar veraldlegu framfarahugsjónar hins vegar. Þá verður gætt að stílbrögðum Halldórs og hvernig afstaða hans í garð mótmælendatrúar virðist í fyrstu eiga samleið með umræðunni um framkomu ljósvakamiðla, en tekur óvænta beygju áður en yfir lýkur, og vísbendingar gera vart við sig um þau viðhorf sem síðar áttu eftir að vera áberandi í hugsun hans um tæknimiðla tuttugustu aldar og áhrifamátt þeirra. Að lokum verður vikið að því hvernig greinin kallast á við fyrsta leikrit Halldórs, *Straumrof* (1934), er út kom röskum áratug síðar.¹³

Af reiðtygjum, sjálfdaudu fé og útspýttum hundskinum

Í greininni „Þjóðkirkja og víðboð“ leitast Halldór í senn við að draga upp mynd af þrotabúskap hinnar íslensku þjóðkirkju, gera grein fyrir ástæðunum sem þar kunna að liggja að baki, og kynna til sögunnar nútímalegt tækniundur sem enn var lítt þekkt á Íslandi, útvarpið, og virkja möguleika þess til að veita hinum lútherska sið mælskufræðilega ádrepu.¹⁴ Höfundur byggir að því er virðist á ákveðnum „vettvangsrannsóknnum“ því að í greininni er gefið í skyn að Halldór hafi farið á stúfana og kynnt sér ástandið á kirkjum á landsbyggðinni og stöðu trúræktar, ekki á ósvipaðan máta og Umbi gerir í *Kristnihaldi undir Jökli* (1968) tæpri hálfri öld síðar. Niðurstöður vettvangsrannsóknarinnar sem kynntar eru í ritsmíðinni eru jafnframt válegar. Áhugalessi í garð kristilegrar iðju ræður ríkjum og þær kirkjur sem ekki eru lokaðar standa tómar. Ummerki finnur Halldór um að kirkja hafi verið notuð sem ígildi sláturhúss og annars staðar hefur kirkjurýminu verið umbreytt í geymslupláss:

Á einum stað fyrir austan er danssalur í kirkjubyggingunni, á öðrum stað, þar sem beðið var um að sína kirkjuna var kirkjulykillinn týndur „af því að hún hafði ekki verið opnuð síðan í fyrra“. Á öðrum stöðum er kirkjan notuð til geymslu fyrir allskonar rusl: gömul föt, reiðtygi, gömul dagblöð, ull, (alt þetta og margt fleira hefir sá er þetta ritar sjed í íslenskum kirkjum). Í Norðurlandi var, að sögn, kirkja ein notuð sem sláturhús fyrir nokkrum árum, þ.e.a.s. það voru hengd upp dauðýfli í henni, 60 skrokkar af sjálfdaudu fje.¹⁵

Kirkjurnar á landsbyggðinni eru, vill Laxness meina, fjarri því að vera vettvangur fyrir lotningarfullar hugleiðingar og upprunalegur tilgangur þeirra hefur fallið milli

¹³ Hér er rétt að minnast á að um *Straumrof* hef ég skrifað áður, í greininni „Legofsi og hjónabandsmas: Vergirni, móðursýki og nútími í *Straumrofi* Halldórs Laxness“, *Ritid* 2/2014, bls. 111–152. Hér verður þó rætt um hliðar leikverksins sem ekki eru ræddar í þeirri grein.

¹⁴ Þegar um almenna umfjöllun um þetta tímabil í íslenski menningarsögu er að ræða og tæknivæðingu þjóðarinnar er mikilvægt að geta Ólafs Ásgeirssonar og Lykilverks hans, *Iðnbylting bugarfarsins: Átök um atvinnuþróun á Íslandi 1900–1940*, Reykjavík: Bókmenntaútgáfa Menningarsjóðs, 1988. Þótt ekki sé vitnað í hana með beinum hætti liggur hún undir í þessari grein.

¹⁵ Halldór Laxness, „Þjóðkirkja og víðboð“, *Vörður* 20. desember, 1924, bls. 4.

stafs og hurðar. Þær hafa verið hagnýttar til hversdagslegra hluta, nú eða bara settar hjá, gleymdar. Hvort Halldór segir hér satt og rétt frá skiptir ekki öllu máli, staðarmerki og auðkenningar fylgja ekki í frásögninni umfram „á einum stað fyrir austan“, „á öðrum stöðum“, „Í Norðurlandi var, að sögn“, og þar fram eftir götunum — sögusviðið er óskilgreint umfram það að vera á landsbyggðinni. Markmið Halldórs er hvorki að draga upp svipmynd úr raunveruleikanum lesendum til fróðleiks, né heldur að setja fram heimildarstudda rannsókn. Tilgangurinn er retórískur og ritgerðina verður að lesa með hliðsjón af kaþólsku Halldórs, dvöl hans í klaustrinu í Lúxemborg, starfi hans á þessum tíma fyrir kaþólsku kirkjuna á Íslandi og andstöðu, jafnvel andúð, á lútherskum sið.¹⁶ Þegar að síðastnefnda atriðinu kemur má jafnframt ætla að um býsna djúpstaðan streng sé að ræða í hugmyndaheimi Halldórs. Í ævisögu sinni um skáldið rekur Halldór Guðmundsson mótstöðu hans við lútherskuna allt aftur til fermingaraldurs og bætir við að honum hafi þótt „lúterskan ein-kennast um of af hálfvelgju“.¹⁷

Halldór er þó passasamur um málflutning sinn í greininni, og taktískur í þeim skilningi að meðvitund er til staðar um það að ekki verður sigrað í rökraðum með eintóna niðurtali og bölmóð — yfirbragð sanngirni og röklegs skilnings á kostum andstæðingsins færir gagnrýninni aukinn sannfæringarkraft. Þannig hrósar hann lúthersku kirkjunni fyrir viðleitni sína til „að þrjodika Guðs orð klárt og kvitt“, nokkuð sem hann telur „allrar virðingar ver[t]“ og nokkru síðar ítrekar Halldór jákvætt viðhorf sitt til lútherskunar og frábiður sér og sinni ritsmíð þann auvirðilega tilgang að vera einvörðungu sett til höfuðs trúarbrögðum þjóðarinnar:¹⁸

Jeg er ekki að geta um þetta vegna þess, að jeg sé á móti [...] lúterstrú: Þvert á móti skal jeg í þessu sambengi taka það fram, að þegar sú trú er borin saman við ýmis önnur Kristín trúarbrögð, sem til eru orðin á öðru þúsundi ára eftir daga Krists og postulanna, þá er hún alveg ágæt.¹⁹

Lútherskan er m.ö.o. skárri en sumar aðrar birtingarmyndir afvegaleiddrar trúrækni. Halldór hrósar hér lútherskunni á forsendum áþekktum þeim þegar lesandi segir tiltekna ljóðabók vissulega vera vonða, en hún sé þó skárri en sumar aðrar, af því að í henni séu fá ljóð. Harðorð gagnrýni er þó aldrei langt undan og beinist hún annars vegar að kenningarlegum veikleikum lútherskunnar og túlkunarmisferlum, „hvergi leik[ur] á því meiri vafi en þar, hvað sje hrein kenning og hvað ekki“, og svo hins vegar gengisfellingu lútherskunnar á helgisiðareglum og formlegum trúarathöfnum, en í augum Halldórs er þar á ferðinni einn allra miðlægasti þáttur hins kristilega lífs:²⁰ „Kirkjan er ekki álitin helgur staður, enda hvorki sakramenti á altarinu nje

¹⁶ Rétt er að gæta hér að hugtakanotkun því að strangt til tekið er lútherskan líka kaþólsk en kaþólskuhugtakið er jafnan þýtt sem „almenn“ í postullegu trúarjátningunni. Nær lagi væri samt að tala um rómversk-kaþólsku kirkjuna vegna áherslu hennar á Vatíkanið í Rómaborg og páfann, en rómversk-kaþólskir kjósa að kalla sig bara kaþólska og verður ekki breytt út af því í þessari grein.

¹⁷ Halldór Guðmundsson, *Halldór Laxness: Ævisaga*, bls. 129.

¹⁸ Halldór Laxness, „Þjóðkirkja og viðboð“, bls. 4.

¹⁹ Sama rit, bls. 4.

²⁰ Sama rit, bls. 4.

lampi logandi og ekki er gengið þangað til bæna; hún er fyrirlestrarhús, þar sem hvorki er kropið nje konsakrerað.²¹

Í lýsingum Halldórs á stöðu kirkjuhalds á Íslandi á þriðja áratugnum er svo að skilja að í þau fáu skipti sem kirkjan sé í raun vettvangur fyrir predikun frammi fyrir söfnuði beri það sem fram fer keim af föstum liðum málfundafélags, kirkjan verði „fyrirlestrarhús“ eins og hann orðar það hér að ofan. Í stað raunsanns kennimanns sem staðið getur við altarið fullviss um sögulegan og tilvistarlegan þunga embættis síns, og í gegnum beintengingu við kirkju Péturs postula leitt söfnuðinn og ljáð orðum sínum merkingarvirkni sanntrúaðrar hugmyndalegrar og jarðneskrar samfellu, eru athafnirnar sem kirkjunnar meðlimum nú bjóðast settar í hendurnar á ósköp hefðbundnum opinberum fyrirlesara, eins konar talsmanni venjubundinna siðagilda og huggunar: „Fátt er uppbyggilegra en góð ræða, en sje hins gætt, hve fáum er meðsköpuð ræðumannsgáfa, þá er ekki kyn að þetta fyrirlestrastagl geti stundum nálgast landplágu.“²² Það bætir heldur ekki úr skák hversu oft ríður á að hinn lútherski prestur sinni fyrirlestrarskyldum sínum:

Fyrirlestrargerðin er stórkostleg. Ætlast er til þess að hinn lúterski prjedikari hafi samið nýjan fyrirlestur á hverjum sunnudegi og öðrum helgum; við aftansaungva heldur hann fyrirlestur, á feringum og altarisgöngum tvo fyrirlestra hvor ofan í annan, og ef einhver deyr nægir ekki minna en tveir fyrirlestrar, húskveðja og líkræða; síðan halda prestar oft fyrirlestra á hverjum bæ í húsvitjunarferðum og oft endranær.²³

Hér er um tvo örlítið ólíka en samtengda hluti að ræða. Annars vegar er það skortur hins lútherska prests á tilteknum „réttindum“, eða eins og Halldór kemst að orði í dagbók sinni úr klaustrinu: „Er að hugsa um það að lúterskir prédikarar eru ekki prestar, séð frá því sjónarmiði að hinn heilagi prestsembættistitill er alstaðar malplaseraður nema á þjónum kirkjunnar sem Kristur stofnaði. En Kristur hefur ekki stofnað neina prótestanta, „kirkju“, hver venjulegur burstagerðarmaður af götunni hefur jafnmikinn rétt til að nefna sig „síra“ eins og prédikarar hins lúterska trúarbragðaflokks.“²⁴

EKKI er hins vegar nóg með að „lúterskir prédikarar“ séu boðflennur og ólöggtir íhlaupamenn í húsi Guðs heldur krefst stofnunin sem kallað hefur þá til að þeir púli og striti við að miðla guðsorði í akkorði og yfirvinnu og — það sem er verst af öllu — spinni það upp úr sjálfum sér.²⁵ Útspýtt hundskinn hirðir ekki um formsatriði, né er sennilegt að trúarlegt inntak þeirra erinda sem flutt eru undir slíkum kringumstæðum séu innblásin af heilagri ritningu, í öllu falli hljóta þau að vera misjafnlega innblásin. Það að hversu innblásin ræðan sé velti á dagsforminu stendur í skerandi andstöðu við tvö þúsund ára hefð kaþólskunnar, þar sem prestsstarfið fylgir, gefur

²¹ Sama rit, bls. 4.

²² Sama rit, bls. 4.

²³ Sama rit, bls. 4.

²⁴ Halldór Laxness, *Dagar hjá múnkum*, Reykjavík: Helgafell, 1986, bls. 59–60.

²⁵ Hér er notaður stór stafur í orðinu „Guð“ þar sem um eingyðistrú er að ræða sem gengur út á að allt sé runnið frá einum guddómi og enginn annar hafi sama vægi. Það gildir um kristindóm, gyðingdóm, íslam, helstu birtingarmyndir hindúismans og svo framvegis. Ef hins vegar er um að ræða fjölgyðistrú þar sem um er að ræða fjölda álíka jafnvígra guða eða einhvers konar undirguða (eins og í hindúisma eða hjá Vottum Jehóva) er eðlilegt að nota lítinn staf um þá.

Halldór í skyn, fyrirframgefnum verkferlum sem hægt er tengja við skilning nánasta vinarhóps Krists á boðun sjálfs frelsarans. Samhliða myndinni sem Laxness málur þannig af hversdagslegu starfi þjóna þjóðkirkjunnar verður önnur mynd til, sú af virðulegum og yfirveguðum embættismanni páfans og kirkju Péturs postula, hvurs skyldur og embættisfærslur eru löngu skilgreindar, guðsmanni sem ekki er alltaf á þönum og í tímaþröng við að semja ræður til að flytja við hin ólíkustu tilefni. Án þeirrar formfestu og síðalegu umgjarðar sem kaþólskan býður upp á er ekki að undra að kirkjurnar standi tómar: „Fólk kýs heldur að sitja heima eða fara í skemtitúr, en hlusta á eitthvað andlegt glundur, sem það gæti kanske makað sjálft“, segir Halldór.²⁶

„Öll verandi gengur fyrir ætternisstapa“²⁷

Það sem blasir við Halldóri er algjört áhugaleysi um kristindóminn. Ástandið er raunar svo slæmt að hann veltir fyrir sér hvort endurkoma heiðninnar sé á næsta leiti: „Á þrenningarhátíð síðustu var jeg staddur á Vesturlandi, gestur hjá einum mætasta klerki lúterskum, hjerlendis. Mig furðaði á því að engin sála skyldi slæðast til kirkju í góðviðrinu á svo helgum degi, og jeg var að virða fyrir mjer rústirnar af bæ Hrafna-Flóka [...] og jeg var að hugsa hvort bannsett heiðnin væri á leið til að nema landið aftur“.²⁸ Halldór hafði skömmu áður sett trúarlega iðju í samhengi við aðra valkosti („skemtitúra“ eða að sitja heima), líkt og um lífsstílsákvarðanir eða áhugamál væri að ræða. Hér kann það hins vegar að koma lesanda á óvart að höfundur vísi ekki til veraldarvæðingar samfélagsins, að kirkjurnar standi auðar að hluta til vegna róttækra umskipta í gildismati nútímans, heldur velti hann fyrir sér hvort kristnin sé á undanhaldi vegna endurkomu þeirra trúarbragða sem í hávegum voru höfð á Norðurlöndum fyrir kristnitöku.²⁹ Einnig er athyglisvert að þessi ummæli séu viðhöfð í ferðalýsingarkaflanum. Halldór virðist frekar vilja líta um öxl

²⁶ Halldór Laxness, „Þjóðkirkja og víðboð“, bls. 4. Rétt er í þessu samhengi að ítreka hversu mikilvægt táknkerfi kaþólskunnar og formfesta voru í huga Halldórs. Þar er um ræða algjöran hornstein trúarættar skáldsins og hægt er að líta til dagbóka Halldórs úr klaustrinu til að fá hugmynd um hvað, að hans mati, fólst í sjálfu formfestuhugtakinu: „Hver dagur hefst klukkan fimm með morguntíðum sem standa í tvo tíma, síðan koma svokallaðar þöglar messur, þar sem hver prestur segir fram sína messu við lítið altari, og loks lofsöngvar sem lýkur um hálfnú en þá er morgunverður fram að hámessu klukkan tíu. Það er hátúðlegasta stund dagsins, á helgidögum flutt með öllum þeim tilþrifum sem kaþólska kirkjan á til, skrauti, tónlist, kertum og reykelsi, og nær hámarki með hinu heilaga sakramenti þegar brauð og vín eru vígð drottni svo hann verður nálægur þar, ekki bara í táknrænum skilningi. Því næst er hlé sem notað er til vinnu fram að aftansöng, vesper, klukkan fjögur og aftur hlé fram að kvöld söng klukkan níu, og eru þetta þó bara helstu atriði hinnar helgu stundaskrár.“ Halldór Laxness, *Dagar hjá múnkum*, bls. 130–131. Formfestan er mikil og kröfumar einnig, en þarna gefur jafnframt að líta ákveðna andstæðu þeirrar myndar sem Laxness dregur upp af lútherskum prestum í „Þjóðkirkja og víðboð“ — fátt er fjarlægara ys og þys hvunndagsins en sú reglufasta trúariðkun sem hér er lýst.

²⁷ Karl Marx og Friedrich Engels, *Kommúnistaávarpið*, þýð. Sverrir Kristjánsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmennta-félag, 2010, bls. 180. Mikilvægt er að taka fram að íslenska þýðingin er að sumu leyti gagnrýnisverð. Í upphaflega textanum segir, „Alles Ständische und Stehende verdampft“, svo að ljóst má vera að við breytingar á myndmálinu í íslensku þýðingunni tapast tengingin við vél- og iðnvæðingu. Sjá Karl Marx og Friedrich Engels, *Manifest der Kommunistischen Partei*, http://www.mlwerke.de/me/me04/me04_459.htm.

²⁸ Halldór Laxness, „Þjóðkirkja og víðboð“, bls. 4.

²⁹ Um nútímavæðingu og íslenska samhengið má benda á rit Braga Guðmundssonar og Gunnars Karlssonar, *Uppruni nútímans: Íslandssaga frá öndverðri 19. öld til síðari hluta 20. aldar*, Reykjavík: Mál og menning, 1986, í þessu samhengi einkum bls. 57–67 og 94–102.

og hleypa sögulegum skírskotunum kristnitökunnar inn í málflutning sinn en yfirstandandi nútímavæðingarferlum, og ljær það ferðalýsingunni aukna merkingu. Ástandsúttekt hlýtur ávallt öðrum þræði að fela í sér umsögn um þær ákvarðanir sem leitt hafa til núverandi ásigkomulags og ef kirkjan og kirkjusókn eru ekki í góðu tilstandi hlýtur að þurfa að leita skýringa, að hluta til í öllu falli, í forsögu stofnunarinnar. Undir ferðasögunni kraumar því ásökun um söguleg mistök. Dýrahraein og aflokuðu kirkjurnar eru vitnisburður um eftirköst siðaskiptanna, þarna gefur að líta „röklega“ endastöð helgidómsins í meðförum þeirra villuráfandi þjóða er létu blekkjast af endurnýjunarorðræðu Marteins Lúthers; samlegðaráhrif kenningarlegra misbresta og „sundurþykkju“ um „fagnaðarboðskapinn“, auk aftignunar hins trúarlega tákngervis.³⁰

Í stað þess að umvefja sig aðgerðarleysi í krafti hins óhjákvæmilega, frekar en að krjúpa andspænis öflunum sem einmitt knýja veraldarvæðinguna og gildisfellinguna hins trúarlega, sér Halldór tækifæri blunda í sjálfri mulningsvélinni, hinum tæknilega nútíma.³¹ Grunnt er þó á kaldhæðninni því að tækifærið sem Halldór stingur upp á felst í því að veita þjóðkirkjunni vængbyr til að verða það sem hún virðist hvort sem er vilja vera, það er að segja, Halldór spyr sig til hvaða ráða skuli grípa svo að þjóðkirkjan „mætti ná takmarki sínu, sem fyrirlestrarstofnun“.³² Í svarinu felst virkjun nútímalegra og nýtilkominna ljósvakamiðla. Hér er heldur ekki aðeins stungið upp á mótaleik við þróun kirkjusóknar heldur vill Halldór meina að hugmynd hans geti einnig snúið við rekstrarreikningi kirkjunnar, að mögulegt sé að grípa inn í ótæpilegan taprekstur. Hvar liggur helsti kostnaðarliður kirkjunnar? spyr Halldór. Svarið virðist vera hefðbundinn útreikningur á fjárfrekum rekstrarliðum, útgjöldum sem ekki svara kostnaði, eða hámarka ekki innbyggð verðmæti:

Ög jeg byrjaði þá fyrir hönd alþingis, að sjá eftir öllum peningunum, sem eru klipnar undan nöglunum á blessaðri þjóðinni handa prestum og prestlingum og prestaskólakennurum, kirkjum og kirknaviðhaldi og alt unnið fyrir gíg, þar sem heita má undantekning ef kirkja sje sótt í landinu. Aðra eins nurlaraþjóð og Íslendinga munar um minna en launa heila stjett manna til að halda fyrirlestra, sem enginn vill koma til að heyra, og allir þykjast jafngóðir hvort sem þeir heyra eða heyra ekki. Við verðum að spara, spara, alt verður að spara, við verðum líka að spara prestana!

Ög alt í einu varð mjer það ljóst, að lausn tuttugustu aldar á vandamálum íslenskrar þjóðkirkju getur ekki orðið nema ein og það er fónninn og ekkert nema fónninn, the broad-casting, víðboðið.³³

Halldór leggur fyrir kirkjuna reiknisdæmi sem ætti kannski betur við kaupmanninn á horninu, nú eða samtímalega samsteypu, en þá stofnun sem að hans mati hefur því hlutverki að gegna að vera milliliðurinn milli hins jarðneska og hins himneska.³⁴

³⁰ Halldór Laxness, „Þjóðkirkja og víðboð“, bls. 4. Um „villu“ rétttrúnaðarins og skrif Halldórs Laxness í víðara samhengi má lesa í Sigurjón Árne Eyjólfsson, *Trú, von, þjóð: Sjálfsmynd og staðleysur*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014, einkum bls. 364–371.

³¹ Þegar um gildisfellinguna hins trúarlega er rætt er rétt að geta þess að á síðari áratugum hafa trúarbragðafélagsfræðingar í vaxandi mæli farið að meta undirliggjandi ferli frekar sem umbreytingu hins trúarlega en gildisfellinguna, og er þar sjónum sérstaklega beint að því hvernig endurskilgreina megi trúarhugtakið. Sjá hér Inger Furseth og Pál Repstad, *An Introduction to the Sociology of Religion: Classical and Contemporary Perspectives*, Hants: Ashgate Publishing Limited, 2006.

³² Sama rit, bls. 4.

³³ Halldór Laxness, „Þjóðkirkja og víðboð“, bls. 4.

³⁴ Hér er rétt að áreita að eitt af grundvallaratriðum lútherskunnar er að kirkjan sé alls ekki milliliður milli hins jarðneska og himneska heldur þvert á móti Jesús sjálfur og geti hver og einn haft sitt eigið bænarsamfélag við Guð hvar sem

Hafa þarf uppi á einum hæfileikaríkum málfutningsmanni og koma honum fyrir framan við hljóðnema og útsendingartæki og hinn kristilegi boðskapur myndi rata til áður óþekktis fjölda viðtakenda.³⁵ Hafa ber í huga að skipulagðar útvarpsútsendingar voru ekki hafnar á þessum tíma — enn voru nokkur ár í það, Ríkisútvarpið var stofnað 1930 — en mishraustar útsendingartilraunir með útvarpsbylgjur stóðu þó yfir allan þriðja áratuginn.³⁶

Líkt og Halldór átti eftir að hvetja til rafvæðingar skömmu síðar má því túlka þessa grein öðrum þræði sem hvatningu til útvarpsvæðingar þjóðarinnar, enda er snert á mikilvægi þess að útvarp komist „inn á hvert heimili á Íslandi“.³⁷ Þá er einnig ljóst að Halldór leggur til að prestastéttin sé gerð úrelt, nóg er að einn einstaklingur flytji sunnudagserindi fyrir alla þjóðina. En þetta er jafnframt myndin sem Halldór dregur upp af lútherskum sið á Íslandi, trúarlegur aðskilnaðarhópur þessi hefur þegar sýnt sig og sannað gagnslausan (geymslurými, sláturhús, aturneglingar). Þannig liggur beint við, frá sjónarhorni Halldórs, að heimilið og einkarýmið komi í stað kirkjunnar sem vettvangur samskipta við æðri máttarvöld. Einmitt það er nokkuð sem lútherskan hefur alla tíð ýtt undir með hugmyndum sínum um einkabænina og þarfleysi prestsins sem milliliðar milli hinna trúuðu og Guðs. Það er svo bara rúsínan í pylsuendanum að þannig má einnig losa verðmætar fasteignir.

Jafnframt verður til forvitnilegur samhljómur milli þeirrar sögulegu staðreyndar að lútherskan sagði á sínum tíma skilið við latínuna og tók upp þjóðtungur og Marteinn Lúther þýddi *Nýja testamentið* á þýsku, og fylgdi því eftir nokkru síðar með þýðingu á *Gamla testamentinu*, og gangsetti þannig ferli er umbreytti með öllu aðgengi fólks að guðsorði.³⁸ Ný tækni fjölmiðlunar og ljósvakamiðla fól í sér byltingu sem ekki var með öllu ósvipuð, eins og Halldór kemur auga á. Með því að lofa og bjóða upp á tengingu milli einstaklingsins og umheimsins í formi samskiptatækni sem gerði að engu fyrri hömlur tíma og rýmis var útvarpið fyrsti almenningsfjölmiðill tuttugustu aldarinnar sem grundvallaðist á nýrri tækni rafmagns og bylgjusviðs. „Með tilkomu útvarpsins leið sá tími undir lok að samskipti væru háð sýnilegum

er án nokkurrar kirkjustofnunar. Sömuleiðis er almennur prestdómur jafnt leikra sem vígðra grundvallaratriði. Vígslan er bundin við útteilingu sakramenta (skírn og kvöldmáltíð brauðs og víns) sem vissulega eru nefnd náðar-meðul eins og sjálft fagnaðarerindið en það telst samt vel að merkja ekki sakramenti. Þetta þýðir að náðin er ekki bundin við skírn og kvöldmáltíð heldur nær út fyrir hana og er því engan veginn einskorðuð við kirkjuna eða vígða þjóna hennar.

³⁵ Athyglisvert er að Halldór kom fram með rökstuðning sem skírskotar til skilvirkni og hagræðingar á svipuðum tíma og „Taylorismi“ var að ryðja sér til rúms, en þar er á ferðinni hugmyndafræði færíbandsins og aukinnar skilvirkni. Sjá hér Frederick Winslow Taylor, *The Principles of Scientific Management*, London: CS Independent Publishing, 2016.

³⁶ Gunnar Stefánsson, *Útvarp Reykjavík: Saga Ríkisútvarpsins 1930–1960*, Reykjavík: Sögufélag, 1997, bls. 13–55.

³⁷ Halldór Laxness, „Þjóðkirkja og víðboð“, bls. 4.

³⁸ Allt ritsafn *Nýja testamentisins* er á grísku. Reyndar eru umdeildar kenningar til þess efnis að Matthíasarguðspjall hafi upprunalega verið ritað á arameísku en það hefur engu að síður aðeins borist til okkar á grísku. Ritsafn *Gamla testamentisins* er að stærstum hluta upprunlega á hebresku nema helstu apókryfu ritin sem eru á grísku. Auk þess eru náttúrulega öll hebresku ritin til í grísku sjötíuáttátt þýðingunni. Grísku apókryfu ritin eru samþykkt af rómversk-kaþólsku kirkjunni og flestum lútherskum kirkjum að þjóðkirkjunni meðtalinni. Mótætlendakirkjur sem eiga rætur í kalvínskri trúarhefð afneita hins vegar ritningarlegu vægi þeirra og þar sem kalvínistar studdu útgáfu *Biblíunnar* á íslensku á 19. og 20. öld neyddist þjóðkirkjan til að gefa þessi umdeildu rit út í sérstöku bindi þótt vísað væri til þeirra í meginútgáfu *Biblíunnar*. Núna á 21. öldinni eru tvær útgáfur nýju biblíuþýðingarinnar í boði, ein með apókryfu ritum *Gamla testamentisins* fyrir þjóðkirkjuna og rómversk-kaþólsku kirkjuna (og raunar rétttrúnaðarkirkjurnar líka) og önnur án þeirra fyrir trúfélög með kalvínskan bakgrunn eins og t.d. hvítasunnnumenn (sem eru arminíusarsinnaðir).

miðlunaraðferðum [og um leið] umbreyttist efnisheimur hefðbundinna samfélaga“, segir Rod Giblett um framkomu og uppgang útvarpsmiðla.³⁹

Töfrar loftskýtataækjanna

Mikilvægt er að hafa í huga að þegar Halldór stígur fram með hugmynd sína um beinan flutning guðsorðsins inn á heimili landsins með aðstoð nýjustu tækni þá er grundvallarrámminn fyrir hugmyndina kaldhæðnislegur — hann er jú að vinna úr þeirri ádrepu sinni að lútherska kirkjan sé „fyrirlestrarsalur“ — en jafnframt tekur hann þátt í umræðu sem nýverið hafði komist á döfina á Íslandi og sneri að róttækum umskiptum í þjóðlífinu og daglegri iðju almennings, en ummerki um tækniundur annarrar iðnbyltingarinnar svokölluðu höfðu gert vart við sig um nokkurt skeið.⁴⁰ Fyrstu skrefin í átt að þeirri víðtæku lýðfræðilegu tilfærslu sem felst í orðunum „úr sveit í borg“ höfðu jafnframt verið tekin. Guðmundur Hálfðanarson hefur bent á að „borgarvæðing“ þjóðarinnar og vaxandi mikilvægi Reykjavíkur hafi verið afar umdeild þróun og þar hafi tekist á hagsmunahópar sem annars vegar vildu veikt ríkisvald og valdadreifingu (landsbyggðarvaldastéttarinnar) og svo hinna sem sáu miðlægt og skilvirkt ríkisvald vera grunnforsendu fyrir hagfrelsi og fastmótun eignarréttar.⁴¹ Sú varð samt raunin að þótt bæir meðfram sjávarsíðunni og sjálfur höfuðstaðurinn ættu afar erfitt með að framfleyta hraðfjölgaði íbúum sem streymdu að úr hinum dreifðu sveitum var eymdin þar svo mikil og aðbúnaður svo þröngur að jafnvel kreppa hægði ekki svo að um munaði á flutningunum. Árið 1933 var málum svo komið að Kristinn E. Andrésson, einn nánasti vinur og samstarfsmaður Halldórs, gat með góðri samvisku skrifað að „[á]tökin milli sveitanna og Reykjavíkur hafa farið svo, að Reykjavík stendur með pálmann í höndunum, sigri hrósandi. Hún dró til sín tæknina frá útlöndum, auðinn úr sjónum og mannaflann frá bændunum og skapaði þannig ný menningarskilyrði“.⁴²

Þá hafði ein allra fyrsta greinin sem kynnti útvarpsútsendingar fyrir almenningi verið birt aðeins ári á undan grein Halldórs um víðboðið, en þar var Sveinn Sigurðsson, ritstjóri *Eimreiðarinnar*, á ferðinni.⁴³ Þá vill einnig svo til að Ottó B. Arnar birti eina af lykilgreinum tímabilsins um útvarpsútsendingar í sama tímariti og Halldór

³⁹ Rod Giblett, *Sublime Communication Technologies*, London: AIAA, 2008, bls. ix.

⁴⁰ Tímaröðinni var aðeins snúið við á Íslandi þegar að landnámi og útbreiðslu tæknimiðla kemur ef haft er í huga að síminn kom til landsins 1889, allöngu á undan símskýtataekninni, sem ekki var tekin í notkun fyrr en 1905. Fyrsta dagblaðið (*Vísir*) var stofnað 1910, það næsta þremur árum síðar (*Morgunblaðið*) og almennt var tímarita- og dagblaðaútgáfa lífleg á Íslandi á fyrstu áratugum tuttugustu aldarinnar. Þá var mikið um greinaskrif í tímaritum tímabilsins um tæknilega framþróun og þau undur sem framtíðin myndi bjóða upp á, og má þar sérstaklega nefna *Eimreiðina*, en líkt og heiti þess tímarits gefur til kynna var ritstjórnarstefnan nátengd framfarahugsjónum nítjándu aldar. Til að sjá meira um þetta, sjá Guðjón Friðriksson, *Nýjustu fréttir: Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga*, Reykjavík: Iðunn, 2000.

⁴¹ Guðmundur Hálfðanarson, „„Kemur sýslumanni [það] nokkuð við ...?“ Um þróun ríkisvalds á Íslandi á 19. öld,“ *Saga*, 1993, bls. 24–25.

⁴² Kristinn E. Andrésson, „Eins og nú horfir við“, *Iðunn* 1933, bls. 125.

⁴³ Sveinn Sigurðsson, „Töfrar loftskýtataekjanna“, *Eimreiðin* 5–6/1923, bls. 373–375.

birti sína grein, *Vörð*, ári og degi síðar, en hún nefnist einfaldlega „Útvarp“.⁴⁴ Í sinni grein leitast Ottó við að svara þeim sem tortryggir voru í garð nútímataekni og erlendra áhrifa og þá ekki síst þeim sem hreyktu sér af því að hafa tekist að „loka landinu fyrir þessari farsótt“ sem sumir „skammsýnir menn nefna útvarpið“.⁴⁵ Að mati Ottós var uppi útbreiddur misskilningur um hlutverk, virkni og möguleika þessarar nýju tækni og lagði hann sjálfur áherslu á uppeldisfræðilega kosti tækninnar, sem og möguleikana sem hún bauð upp á hvað varðaði útbreiðslu menningar til afskekktara og einangraðra svæða á landsbyggðinni — rökfærsla sem á sitthvað sameiginlegt með hugmyndum Halldórs árinu á undan, þótt með öðrum formerkjum sé. Ottó heldur áfram og leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að koma útvarpi inn á „hvert heimili“ og stígur þar enn nær málaflutningi Halldórs.⁴⁶ Í annarri umfangsmikilli grein um útvarpsútsendingar sem birtist nokkru síðar harmar Guðmundur Jónmundarson takmarkaða útbreiðslu viðtækja meðal þjóðarinnar.⁴⁷ En þar kemur Guðmundur jafnframt einmitt auga á það atriði sem öðrum fremur hélt aftur af og seinkaði því að reglubundnar útvarpsútsendingar væru teknar upp hér á landi, en það er sá takmarkaði fjöldi viðtækja sem voru til í landinu.

Það var ekki að ástæðulausu að Guðmundur Jónmundsson leitaðist við að svara gagnrýnisróddum. Áberandi persónur í þjóðlífinu og menningarumræðunni, á borð við Guðmund Kamban, tóku til máls gegn þeirri innreið nútímans sem greina mátti í aukinni umferð á strætum Reykjavíkur, netinu sem símsstöðvar spunnu þvert yfir landið, vinsældum kvikmyndahúsa og tilkomu útvarpsútsendinga.⁴⁸ Afstaða Halldórs Laxness er að sumu leyti þversagnarkennd. Upp að ákveðnu marki stillir þessi „boðberi nútímamenningar“, eins og Halldór Guðmundsson hefur kallað hann, sér við hlið Guðmundar Kamban varðandi menningarleysi útvarpstækninnar, en jafnframt birtist útvarpið sem byltingarkennt fyrirbæri í grein Halldórs; miðill sem opnar fyrir það að stórir og dreifðir þjóðfélagshópar séu ávarpaðir sem ein heild.⁴⁹ Jafnvel þótt útvarpið sé ekki aðalviðfangsefni textans í byrjun verður hlutur þess meiri eftir sem á líður, skilningur Halldórs á kostum miðilsins er áþreifanlegur og það sama er að segja um þá ánægju sem það veitir höfundu að hugsa um menningarleg áhrif nýrrar tækni og þær samfélagsbreytingar sem kunna að felast í útbreiðslu hennar. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að útvarpsútsendingartæknin er jafnframt farvegur gagnrýni höfundar í garð hinnar lúthersku kirkju og kjarnast í myndinni af prestinum sem predikarar einsamall og án safnaðar fyrir framan hljóðnema.

⁴⁴ Þótt auðvitað sé um tilviljun að ræða má einnig sjá þessa uppröðun birtinga sem vísbendingu um áhugann á þessari nýju tækni, og jafnvel tækniframförum yfirleitt, á þessu skeiði.

⁴⁵ Ottó B. Arnar, „Útvarp“, *Vörður* 25. desember 1925, bls. 3.

⁴⁶ Sama rit, bls. 3.

⁴⁷ Guðmundur Jónmundsson, „Loftskeyti og útvarp“, *Vörður* 3 júlí 1926, bls. 2.

⁴⁸ Guðmundur Kamban, „Sjerkenni íslenskrar menningar“, *Vörður* 27. mars 1926, bls. 2. Kamban segir orðrétt: „Eins og það ástand, að Reykjavík er nú jafn hrönnuð bifreiðum og götur Parísarborgar, eða að sömu film sem sýnd eru í New York eru hespuð í íslenskum sjávarþorpum, eða að ritsíminn ríður net sitt yfir landið, eða að komið er upp þráðlausum stöðvum og radió — eins og allt þetta hafi bætt einni alin við hæð menningarinnar.“

⁴⁹ Halldór Guðmundsson, „Löksins, löksins“: *Vefarinn mikli og upphaf íslenskra nútímabókmennta*, Reykjavík: Mál og menning, 1987, bls. 122. Samhengið í riti Halldórs er eftirfarandi: „Halldór var boðberi nútímamenningarinnar, vildi að þjóðin kynntist henni *allri* sem fyrst, með kostum og göllum — hún átti ekki fyrst að fara í gegnum síu varfærinna menntamanna.“

Í þeirri tillögu Halldórs að útvarpið verði aðalmiðill þjóðkirkjunnar leynist þungvægur gagnrýnisbroddur er snýr jafnt að miðlinum sjálfum og trúarboðskapnum sem um öldur hans á að ferðast. Fram hefur komið að Halldór álasar lútherskunni jafnt fyrir veikleika í kennimennsku sem skorti á formfestu og táklegri umgjörð og má því ætla að miðill sem svo vel að henni er sniðinn einkennist sjálfur af flatneskju og skorti, og myndi enn fremur reynast ófær um að miðla þeim fjölmörgu og djúpstæðu merkingarsviðum er saman mynda kaþólska trúariðju. Tákneimur kaþólskunnar er ekki bundinn tungumálinu og hinu talaða orði jafnrömmum böndum og lútherskan, en greinina út í gegn er það eitt helsta markmið Halldórs að sýna fram á slíkan samslátt (fyrirlestrar og kirkjan sem fyrirlestrarsalur). Merkingarvirgni kaþólskunnar liggur hins vegar í sögu stofnunarinnar og skruði þeirra helgisiða er innan hefðarinnar hafa mótast, ásamt þeim fjölmörgu milliliðum er til staðar eru — allt upp í stöðu páfans — þar sem hver og einn er bundinn sínu fastmótaða hlutverki. Nútímataekni er með skemmtilega weberískum hætti stíllt upp við hlið lútherskunnar og í andstöðu við hina sönnu trú, í hvurs beintengingu við upphafsstund kristinnar og árpúsunda tilvist er að finna hið eina raunverulega andsvar sem býðst gegn hverfuleika líðandi stundar og óvissu um stefnu nútímans.⁵⁰

Hér eiga viðhorf Halldórs nokkra samleið með andmælum Guðmundar Jónmundssonar og Ottós B. Arnar þar sem þeir héldu því fram að útvarp gæti aðeins miðlað merkingarsnaudu inntaki og gervimenningu, og að tómahljóð væri í endursköpuðu röddunum er flytu á bylgjum ljósvakans. Áberandi strengur í umræðunni um útvarpsmenningu á þessu tímasteiði lýtur að því hversu óþjáll og vanþróaður miðillinn var, mikið var t.a.m. kvartað yfir suði og skruðningum og bjögudum útvarpsröddum, og er það ekki svo fjarri skoðunum Halldórs á því með hvaða hætti lútherskan miðlaði kristindómi.

Í þessu samhengi er forvitnilegt að líta til þýska fræðimannsins Friedrichs Kittler, sem verðskuldaða athygli hefur einmitt vakið fyrir rannsóknir sínar á menningarfræðilegum hliðum tæknibyltinga nítjándu aldar og áranna í kjölfar aldamótanna. Í skrifum sínum um „talvélar“, en þannig vísar hann til útvarpsins, beinir Kittler sjónum að því hvernig vegalengdirnar milli þess sem mælir og þess sem hlustar þurrkast út, líkt og „raddirnar ferðudust eftir sjálfsskynjandi miðlunarbeinum beint frá munnum til vöfundarhúss eyrans [og] og ofskynjanir séu þannig raungerðar“.⁵¹ „Ofskynjanir“ vísa hér til sértæks miðlunarmáttar vísisins (e. *index*) og beinnar tengingar hans við efnisheiminn.⁵² Með sambærilegum hætti og ljósmyndin bjó yfir

⁵⁰ Þegar rætt er hér að ofan um „weberíska samstillingu“ er vísað til kenningar Max Webers um að uppgangur kapitalismans tengist með ýmsum hætti siðferðishugsjónum mótmælendatrúar, og að til samsláttar þessara tveggja afla megi rekja innreið nútímans á Vesturlöndum. Sjá frekar Max Weber, *The Protestant Ethic and the Spirit of Capitalism*, þýð. Talcott Parsons, London og New York: Routledge, 1992.

⁵¹ Friedrich Kittler, *Gramophone, Film, Typewriter*, þýð. G. Winthrop-Young og M. Wutz. Stanford: Stanford University Press, 1999, bls. 37.

⁵² Hinir nýju tæknilegu miðlar endursköpuðu veruleikann með gjörólíkum hætti en áður hafði verið gert. Ljósmynda-tæknin sem fundin var upp um miðja nítjándu öld bauð þannig upp á öðruvísi heimild um efnisheiminn en málverk eða teikningar höfðu áður gert. Burtséð frá inngripi ljósmyndarans hvað sjónarhorn, vinkil og birtustig varðar þá var ljóst að það sem ljósmyndað var hlaut að hafa verið til í þeirri mynd sem það var ljósmyndað. Það er í þessum sama skilningi sem segja má að aldrei hafi ljósmynd verið tekin af Sherlock Holmes. Það hefur hins vegar fjöldi mynda verið tekinn af fólki að þykjast vera Sherlock Holmes.

verufræðilegri tengingu við það sem myndað var, flutti útvarpið einstaklingsbundna og „ómiðlaða“ rödd inn á fjölda heimila.⁵³ Ekki er um „eftirlíkingu“ á röddinni að ræða, líkt og í ritmáli, heldur er það raunveruleg birtingarmynd hennar sem heyrir í viðtækinu, og hér er vert að hafa í huga að á fyrstu áratugum tuttugustu aldarinnar felst gríðarlegt nýmæli í slíkri tækni, aldrei fyrr í mannkynssögunni hafði verið mögulegt að endurframleiða og varðveita mannsröddina.⁵⁴ Þegar svo orð Kittlers um nánd mælenda og áheyranda eru höfð í huga, þ.e.a.s. útpurrkun vegalengdarinnar milli þess sem talar í hljóðnemann og áheyranda við viðtækin, ber að sama bruni og fyrr, mælskufræði Halldórs skapar enn á ný samsvörun á milli lútherskunnar og útvarpstækninnar. Nánd hins guðlega og upphafna og jarðneskra tilbiðjenda, nánd sem verður til í fjarveru sídalegrar umgjardar kaþólskunnar, eina sambands einstaklings við guðsmyndina og auðvitað í flutningi hins helga ávarps á þjóðtungum frekar en latínu, kallast á við nálægðina sem útvarpið kallar fram milli hlustenda og útsendinga.

Múgsefjun í setustofunni

Það er önnur hlið á umfjöllun Halldórs um tækninýjungar útvarpsins sem verðskuldar athygli, en það eru félagsleg áhrif og sannfæringarmáttur miðilsins. Þótt hugmyndin um útvarpsvæðingu þjóðkirkjunnar sé sett fram í gamansömum tóni er þar undirliggjandi sú sýn á útvarpsmiðilinn að hann geti umbreytt einsömlum presti í máttugt menningarlegt kennivald er áhrif hafi á samfélagið. Það er í þessu samhengi sem líta má á grein sem tekur til umræðu brotalamir lútherskunar og nýtir sér nýjan tæknilegan ljósvakamiðil sem írónískt mælskufræðilegt tæki sem fyrstu atögu Halldórs að menningariðnaðinum, svo að vísað sé til hugtaks Theodors Adorno og Max Horkheimer.⁵⁵ Tillaga Halldórs um að viðtækjum sé komið fyrir „á hverju heimili“ svo að predikun þjóðkirkjunnar berist til sem flestra kallast á við tæknilega útbreiðslu og uppgang áróðurs á tuttugustu öldinni, sem og tilkomu lýðfræðilegra rannsókna þar sem vísindi renna saman við tækni í tilraunum til að „stýra“ og móta skoðanir stórra þjóðfélagshópa, jafnvel þjóða. Raunar er óhætt að segja að í grein Halldórs gæti meira en vísis að meðvitund um þær gagngeru breytingar sem tæknibyltingar tímabilsins hafa þegar leyst úr læðingi og áttu eftir að gera í jafnvel enn meira mæli. Undir lok greinarinnar gefur að líta vangaveltur þar sem tæknin sem varpar útsendingum inn á „hvert heimili“ hefur umbreytt trúarbrögðunum í tækni valds og stýringar:

⁵³ „Ómiðluð“ rödd merkir í þessu samhengi að ávarp mælenda er ekki endurskapað með táknerfi á borð við ritmál en auðvitað verður ekki litið með bókstaflegum hætti fram hjá því að útvarpsmiðlun er tegund af miðlun og að mælt mál grundvallast á táknerfi tungumálsins. Þá er heldur ekki verið að endurvekja gildismatið og tvenndarhugsunina sem franska heimspekingnum Jacques Derrida var svo mjög uppsigad við, þar sem mæltar yrðingar eru hafnar upp á kostnað ritmáls, heldur er leitast við að draga fram slagkraft og nýmæli nýrrar tækni er flutti mannsröddina um víðáttur gufuhvolfsins.

⁵⁴ Frekari umræða um þróun grammafónsins og hljóðupptöku, og svo útvarpsins, sjá Steve J. Wurtzler, *Electric Sounds: Technological Change and the Rise of Corporate Mass Media*, New York: Columbia University Press, 2007.

⁵⁵ Theodor Adorno og Max Horkheimer, „Menningariðnaður: Upplýsing sem múgsefjun“, þýð. Benedikt Hjartarson, *Áfangar í kvikmyndfræðum*, ritstj. Guðni Elísson, Reykjavík: Forlagið, 2003, bls. 234–271.

Um leið og einn prestur væri fyrir allt landið væri loku fyrir það skotið, sem ýmsum þykir nú mest til boga, að sín kenningin væri þrjedikuð frá hverjum þrjedikunarstólnum [...] og um leið settur þröskuldur við því að trúmálahjervillur spryttu upp hjá fólki, því viðboðið myndi sitja við sinn keip.⁵⁶

Hér hefur útvarpið umbreytt í hugmyndafræðilegt stjórnþæki er ávallt situr fast „við sinn keip“. Rétt er jafnframt að hnykkja á því að fjandskapur Halldórs og gagnrýni í garð lútherskunnar yfirtekur aldrei fyllilega umræðuna um útvarpið í þeim skilningi að hin nýja tækni sé aðeins metafórískur farvegur fyrir háðsglóður höfundar, til þess er hrifning Halldórs á möguleikum miðilsins of rúmfrek og augljós. Það er einmitt þessi hrifning á ýmsum birtingarmyndum nútímans og möguleikum nýrra tæknilegra miðla sem veldur því að Halldór leggur fáeinum árum síðar land undir fót og flyst til Los Angeles í Bandaríkjunum til að reyna fyrir sér sem handritshöfundur í Hollywood, miðju og hnattrænni aflstöð nýs menningarlandslags. Þar glæðist einnig vitund Halldórs um djúpstæðan áhrifamátt nýrra tæknimiðla á borð við kvikmyndina til hugmyndafræðilegrar mótunar, þar sem viðtökuhópur menningararfurða hefur margfaldast frá því sem áður þekktist, úr hundruðum, þúsundum eða jafnvel tugþúsundum yfir í milljónir og hundruð milljóna.⁵⁷

Eins og þegar hefur verið gefið í skyn má sjá í greininni fyrstu drögin að þeirri greiningu á hlutverki fjölmiðla og tæknimiðla á nýrri öld sem Halldór átti eftir að stíga fram með síðar varðandi þjóðkirkjuna og viðboð. Í lýsingu Halldórs á því hvernig snúa megi við taprekstri lúthersku þjóðkirkjunnar og mæta hverfandi kirkjusókn sviðsetur hann einnig hvernig tengja má nýja tækni, sem var í þann mund að verða hversdagsleg, við stofnanalegar formgerðir og hagsmuni í þeim tilgangi að breyta skoðunum og hugmyndum. Undir liggur grunnformgerð nútímalegra samfélaga, sem segja má að samanstandi af lífheimi borgara og þegna annars vegar og stofnana hins vegar og svo þeirra aðferða sem notaðar eru til að miðla þar á milli. Halldór dregur þannig með býsna nákvæmum hætti upp mynd af nútímalegum lífsháttum og því hvernig dreifing og útbreiðsla fjölmiðla mætir þeim kvilla — eða því einkenni, eftir því hvernig á það er litið — sem þótt hefur vera kennimerki nútímalegra þjóðfélaga í skrifum þeirra sem af mestum þunga hafa tjáð sig um nútímavæðingu, allt frá Marx til Lyotards, en það er sundrun og upplausn áður heildrænnar samfélagsgerðar. Tæknilegir fjölmiðlar skapa heildstæðar viðtöku-einingar í fjöldameningu tuttugustu aldar, líkt og Halldór rennir í grun þegar hann stingur upp á að þjóðinni allri megi umbreyta í heildstæðan söfnuð með tæknilegu inngripi. Adelaide Morris hefur rætt þverþjóðlega hljóðræna ofgnótt útvarpsins í þessu samhengi og hvernig sameiningaráhrif miðilsins verka andspænis sundrunarmætti nútímans: „Tæknin sem gerði það mögulegt að ræða sem flutt var í Þýskalandi í síðari heimsstyrjöldinni ómaði jafnt og á sama tíma á strætunum í Toronto, París,

⁵⁶ Halldór Laxness, „Þjóðkirkja og viðboð“, bls. 4.

⁵⁷ Sjá hér fyrst og fremst grein Halldórs Laxness um Hollywood, „Kvikmyndin ameríska 1928“, *Alþýðubókin*, Reykjavík: Jafnaðarmannafélag Íslands, 1929. Jafnframt má benda á eftirfarandi tvær greinar þar sem skrif Halldórs um Hollywood og hugmyndafræði eru rædd: Þröstur Helgason, „Fjötruð fífl, þjófar að nóttu og álfar í hulduheimum ofurveruleikans“, *Heimur kvikmyndanna*, ritstj. Guðni Elísson, Reykjavík: Forlagið og art.is, 1999; og Björn Þór Vilhjálmsson, „Modernity and the Moving Image: Halldór Laxness and the Writing of „The American Film in 1928““, *Journal of Scandinavian Cinema* 2/2011, bls. 135–144.

London og New York, hefur gert það að verkum að heimurinn lýtur á nýjan leik valdi eins sögumanns, stjórnálamanns eða skálds, hvers þess sem getur beislað töframátt miðilsins“, eða, eins og Laxness myndi kannski orða það, eins prests.⁵⁸

„Drekkið mjólk Einíngarinnar“

Í fyrsta leikriti Halldórs, *Straumrofi* (1934), gegnir útvarpið mikilvægu hlutverki og vil ég því ljúka þessari grein með því að líta áratug fram á veginn frá birtingu ritgerðarinnar um víðvarpið og þjóðkirkjuna, og gæta að breytingum í merkingarvirkni tækninýjungarinnar. Leikritið segir frá sumarbústaðarferð Reykjavíkurfjölskyldu, hjónanna Lofts og Gæu og dóttur þeirra Öldu. Í leikritinu er rafmagn notað til að draga upp myndir af tæknivæddu umhverfi nútímans, umbreyttu menningarlandslagi og sálarlífi hins nútímalega einstaklings sem mótast af áður óþekktum samfélagslegum virkniþáttum. Textinn gerir þetta með margvíslegum hætti en mikilvægi útvarpsins er augljóst í þessu samhengi. Leikritið hefst á því að Loftur kveikir á viðtæki á fjölskylduheimilinu í Reykjavík. Orðin sem í fyrstu berast um sviðið eiga því rætur að rekja út í blámann og hið alltumlykjandi tómarúm rafsegulsviða himinloftanna, þeim er „víðvarpað“ til „okkar“ (lesenda og áhorfenda) rétt eins og persóna verksins, en um miðbik leiksins er aftur „hlé“ gert til að hlusta á útvarpið. Þriðja útsendingin berst svo í blálökin; útvarpið hrekkur í gang þegar rafmagnið kemst aftur á eftir straumrof titilsins og enn ein fréttáútsendingin glymur um sumar skálann. Hér er um formlegan ramma að ræða en útvarpsútsendingarnar þjóna líka þematislum tilgangi. Fréttir utan úr heimi blandast innlendum atburðum, en flæðið er rofið með lýðheilsulegum boðum og samhengislausum yrðingum. Þá eru fréttirnar sjálfar sundurlausar, framsettar í æsilegum stíl en skírskota til samtímaviðburða um leið og áhersla er lögð á táknsæi þeirra. Með þessum hætti birtist nútíminn sem nær óskiljanleg atburðasúpa sem framreidd er í boði — eða boðhætti — kapitalismans en eitthvað alvarlegt virðist hafa farið úrskeiðis í rökvaðingu samfélagsgerðarinnar og tilraunum nútímamannsins til að sníða sér öruggt og eftirsóknarvert tilveru-rými.

Í útsendingunum er til dæmis fréttum af skelfilegum harmleikjum og hamförum skotið inn á milli auglýsinga fyrir megrunarlyf. Veruleikinn sem „fréttáflutningurinn“ birtir er þannig bjagaður og firrtur á dálítið kómískan hátt en fyrst og fremst verða áherslurnar og sú menningarlega orðræða sem á borð er borin óhugnanleg og þrúgandi:

⁵⁸ Adelaide Morris, „Sound Technologies and the Modernist Epic“, *Sound States: Innovative Poetics and Acoustical Technologies*, ritstj. A. Morris, Chapel Hill og London: University of North Carolina Press, 1997, bls. 37. Keimlíka hugleiðingu um áhrif tækninýjunga er að finna í grein Sveins Sigurðssonar um útvarpið þar sem hann segir: „Við kappreiðarnar miklu á Englandi, sem árlega fara fram í grend við Lundúnaborg síðasta miðvikudag í maí, Derbydaginn svonefnda, var í vor notað þráðlaust firðtal til þess að skýra frá úrslitunum. Fregnin um úrslitin var komin til New-York tuttugu sekúndum eftir að kappreiðunum var lokið eða með öðrum orðum, löngu áður en fjöldinn af þeim, sem viðstaddir voru kappreiðarnar, vissu um úrslitin.“ Sveinn Sigurðsson, „Töfrar loftskýtatækjanna“, bls. 375.

Þúsundir manna hafa mist aleigu sína. Horið yður á Rúga. Réttarhöld hófust í dag yfir rússneska hálfvitanum Laborsky sem er sakaður um að hafa sprengt höll ríkisréttarins í loft upp. Lifið heilbrigðu lífi — borðið fisk [...] Frá Behar-fylki í Indlandi berast þær fregnir í dag að ægilegir jarðskjálftar hafi geisað þar í nótt. Ýmsar borgir eru taldar í hættu, þar á meðal borgin Púsa. Þúsundir, ef ekki tugþúsundir manna hafa farist. Horið yður á Rúga [...] Ríkisstjórnin hefur látið það boð út ganga að hinum rússneska hálfvita Laborsky hafi verið auðsýndur sérstakur heiður með því að hann var hálshöggvinn af kjólklæddum embættismanni, í stað þess að vera heingdur. Drekkið mjólk Einíngarinnar.⁵⁹

Hér erum við komin dágóðan spöl frá upphafningu Halldórs á nútímavæðingu á þriðja áratugnum. Hið glaðhlakkalega alvöruleysi og kankvísi sem einkenna vanga-veltur Halldórs í ritgerðinni „Þjóðkirkja og víðboð“ árið 1923 um að brátt verði útvarp komið inn á „hvert heimili“ hefur jafnframt tekið umskiptum. Segja má þó að ýmislegt sem rætt hefur verið hér að ofan vísi veginn að því uppáþrengjandi verkfæri hugmyndafræðilegrar innrætingar sem við sjáum í *Straumrof*; útvarpið notað til að koma pólitískum áróðri áleiðis í samfloti við hugmyndafræði neyslu-samfélagsins. Það er ekki einu sinni friður í sveitinni, samskiptatækni nútímans hefur gert heimilið að eins konar „rýmislásum stað“, líkt og Rod Giblett bendir á, með því að opna gridarstað einkalífsins fyrir áhrifum, boðskiptum og áreiti hvaðanæva sem er úr heiminum, án þess að viðtakandi hafi nokkuð um málið að segja, umfram að slökkva á viðtækinu sem er einmitt það sem Loftur gerir.⁶⁰

Lokaorð

Í upphafi þessarar greinar voru átök andans og efnisins rædd í samhengi við menningarumsvif Halldórs á þriðja áratugnum, *Vefarann mikla frá Kasmír* og *Alþýðubókina*, áður en staldrað var við ritgerðina í *Verði* um þjóðkirkjuna. Togstreitan sem liggur eins og rauður þráður í gegnum verk Halldórs á þessu tímabili er á milli trúarinnar og hugsjóna nútímavæðingar, en átökin þar á milli voru óumflýjanlegur fylgifiskur nútímans og um aldir deiluvaki. Að sjálfsögðu greiðir Halldór ekki úr vandamálinu þótt hann reyni sig áfram með þá frumlegu aðferð að gerast um tíma ákafur málsvari beggja sjónarmiða í senn, dálítið eins og hann leitist við að knýja með handaflí fram syntesuna sem Hegel lofaði að væri ávallt rétt handan við hornið þegar tvær ólíkar myndir af heiminum mætast. Hegelíska upphafningin lét þó bíða eftir sér en togstreitan sem greina má í „Þjóðkirkja og víðboð“ milli pólananna tveggja er þó afskaplega forvitnileg, ekki síst þegar hún er borin saman við þann herskáa málsvara nútímans sem birtist í sumum öðrum greinum tímabilsins. En umfram það er greinin mikilvægur vitnisburður um þróun hugmynda sem Halldór átti eftir að glíma við með ólíkum hætti í verkum sínum næstu áratugi, en það eru hinar fjölmörgu ólíku þversagnir nútímans og nútímavæðingar.

⁵⁹ Halldór Laxness, *Straumrof*, Reykjavík: Helgafell, 1976, bls. 9–10, 68 og 138.

⁶⁰ Rod Giblett, *Sublime Communication Technologies*, bls. x.